



9. ágúst 2022
Tilv.: 2208022

Dreifibréf númer: 27/2022
til váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga,
Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka verslunar og þjónustu

Efni: Dreifibréf vegna nýrra viðmiðunarreglna um samevrópskt einkvæmt auðkenni (e. Legal Entity Identifier (LEI))

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vekur athygli á því að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur gefið út [viðmiðunarreglur](#) (e. guidelines) um samevrópskt einkvæmt auðkenni (e. Legal Entity Identifier (LEI), hér eftir LEI númer). Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 1. júlí sl. og leysa af hólmi [eldri viðmiðunarreglur](#) sama efnis frá árinu 2014.

Gildissvið viðmiðunarreglnanna er víðtækara en þeirra sem áður giltu um sama efni. Auk váttryggingafélaga, endurtryggingafélaga og stofnana um starfstengda lífeyrissjóði falla nú einnig undir viðmiðunarreglurnar útibú og milligönguaðilar sem starfa yfir landamæri.

Sérstök athygli er vakin á því að gildissvið viðmiðunarreglnanna nær nú yfir váttryggingamiðlara og aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð sem veita þjónustu í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Markmið viðmiðunarreglnanna er að einfalda og stuðla enn frekar að samræmingu á notkun LEI númera til auðkenningar fyrir eftirlitsskylda aðila og tryggja með þeim hætti áreiðanleika og gæði gagna innan EES.

Þess er óskað að viðtakendur dreifibréfs þessa taki mið af nefndum viðmiðunarreglum í starfsemi sinni.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og váttryggingar

Jónas Þór Brynjarsson
forstöðumaður
lífeyrir og váttryggingar

